

Fundur Skólaráðs Varmárskóla

Mætt: Svandís Dóra Jónsdóttir – fulltrúi nemenda, Sara Bjarnadóttir- fulltrúi nemenda, Erla Jóna Steingrímsdóttir fulltrúi kennara, Sigríður Ingólfssdóttir – fulltrúi foreldra, Jón Ragnars- fulltrúi foreldra, Margrét G, Björnsdóttir – fulltrúi starfsmanna, Ásta Benediktsdóttir – fulltrúi kennara, Þórhildur Elfarsdóttir - skólastjóri, Þórunna R. Ólafsdóttir – skólastjóri og ritari.

Fundurinn hófst með því að fundarmenn hófu að kynna sig. Rætt var um fulltrúa grenndarsamfélags sem kjósa skal á fyrsta fundi. Alexander Kárason gefur áfram kost á sér og samþykkti fundurinn að nýta hans starfskrafta áfram. Fyrirkomulag funda var ákveðið en þeir verða klukkutíma langir og hefjast alltaf kl. 8:15.

Fundir verða boðaðir með tölvupósti viku fyrir fund með dagskrá en nemendur fá fundarboð í Mentor. Ákveðið að senda foreldrum nemenda sem sitja í skólaráði drög að fundargerðum. Nemendur eru ekki virkir tölvupóstnotendur.

Farið var yfir og samþykkt starfsáætlun skólaráðs fyrir skólaárið 2017-2018

Nemendur sögðu frá agakerfi sem er verið að taka upp. Sigríður spurði út í kerfi sem hún hefur heyrt dóttur sína ræða um þetta. Rætt var um að verið er að innleiða þetta í skólanum, kennarar eru að æfa þetta og þróa. Á næstu dögum verður foreldrum sent bréf um þetta fyrirkomulag og svo verða foreldraviðtölin nýtt til að taka enn frekur þessa umræðu. Rætt var um umræðuna um gula- og rauða herbergið. Mikilvægt er að fá kynningu um þetta úrræði fyrir foreldra td. að hafa eitthvað um úrræði sem skólinn hefur á heimasíðu skólans.

Rætt var um bls. 10 í handbók um Skólaráð (<http://www.heimiliogskoli.is/wp-content/uploads/2017/06/Handb%C3%B3k-um-sk%C3%B3lar%C3%A1%C3%B0.pdf>) og ítrekað hvernig við getum eflt fundi Skólaráðs enn frekar. Umræður var um þessa liði sem þar fram koma.

Ákveðið er að eftir að fundi ljúki sé fundargerð send út innan þriggja virkra daga og hún samþykkt innan viku.

Jón Ragnars hefur áhuga á að fá kynningu á þeirri vinnu hjá Mosfellsbæ til að mæta þeim nýju og ítarlegu kröfum sem nýju persónuverndarlögin kveða á um.

Fleira ekki tekið og fundi slitið kl. 15:35

Þórunna Rósa Ólafsdóttir ritaði fundargerð.